

Skýrsla bæjarstjóra 18. mars 2020 vegna Covid-19

Vinnuvikan 2. til 6. mars var býsna annasöm hjá starfsfólki Árborgar. Í aðdraganda verkfallsaðgerða sem boðaðar höfðu verið 9. og 10. mars þurfti að greiða úr flóknum og mörgum málum. Stjórnendur og forstöðumenn, með mikilli aðstoð annars starfsfólks, tóku saman höndum og lögðu margir á sig mikla vinnu til að ljúka undibúningi í tæka tíð. Í þessum undirbúningi var lögð áhersla á að tryggja að mikilvæg þjónusta héldi sér, að svo miklu leyti sem það væri heimilt, og að geta sveitarfélagsins til brýnna viðbragða væri óskert – þó þannig að verkfallsaðgerðir væru í heiðri hafðar og inngrip stjórnenda, sem heimildir hefðu, yrðu aðeins neyðarráðstafanir en ekki hægt að túlka sem verkfallsbrot.

Nauðsynlegt var að virkja forstöðumenn og þeirra starfsfólk til að vinna í sameiningu að lausnum, því að flækjustigið vegna áhrifa verkfalls er mikið. Til allrar hamingju tókust hinsvegar samningar áður en til verkfallsaðgerða kom. Sveitarfélagið uppskar hinsvegar vel úr þessari vinnu, því að þetta reyndist góð æfingu í teymisvinnu og að virkja starfsfólk til sameiginlegs átaks. Það sannaðist í þessari vinnu að margar hendur vinna létt verk og kom berlega í ljós að starfsfólk Árborgar vinnur samhent og samstillt þegar á þarf að halda. Það átti svo sannarlega eftir að reyna meira á starfsfólkið í framhaldinu.

Þegar föstudagurinn 6. mars leið undir lok hafði undirritaður á orði við bæjarritara að vikan sú hefði aðeins verið lognið á undan storminum og vísaði þar til yfirvofandi aðgerða vegna Covid-19. Þegar mánudagurinn 9. mars rann upp var stjórnendum Árborgar ljóst að grípa þyrfti þá þegar til viðamikils undirbúnings fyrir frekari aðgerðir landlæknis og almannavarna vegna Covid-19.

Á mánudeginum var farið yfir viðbragðsáætlanir og nauðsynleg viðbrögð og aðgerðir. Vinna hófst við þá Viðbragðsáætlun Árborgar við alvarlegum faraldri sem í dag er lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Áætlunin byggir meðal annars á Viðbragðsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Viðbragðsáætlun Almannaavarna við heimsfaraldri.

Sett var á fót Viðbragðsstjórn Árborgar sem nú er skipuð bæjarstjóra, öllum sviðsstjórum, mannauðsstjóra, verkefnastjóra stafrænnar þróunar og ritara bæjarstjóra. Viðbragðsstjórn samhæfir aðgerðir, ákvarðanatöku og upplýsingagjöf.

Við upphaf dags, þriðjudaginn 10. mars, var send út beiðni bæjarstjóra, til allra starfsmanna Árborgar, um að stofnuð yrðu viðbragðsteymi á hverjum vinnustað sveitarfélagsins. Í þeim skilaboðum voru einnig áréttuð fyrirmæli um hreinlæti og fleiri upplýsingar gefnar.

Í lok dags á miðvikudegi voru allar starfsstöðvar búnar að skipa sín viðbragðsteymi og þau tekin til við sitt fyrsta hlutverk, að tryggja réttar upplýsingar og tryggja nauðsynlegar hreinlætis- og sóttvarnaaðgerðir.

Huga þurfti að fjölmörgum öðrum þáttum, svo sem birgðastöðu, virkni tölvubúnaðar, mönnun, sóttvörnum í störfum á vettvangi og nauðsynlegan aðskilnað starfshópa, t.d. veitustarfsmanna. Auk þess var nauðsynlegt að vinnustaðir í viðkvæmri þjónustu leggðu á ráðin um viðbrögð sem tryggja gætu öryggi starfsfólks og öryggi og hagsmuni einstakra þjónustuþega.

Þegar föstudagurinn 13. rann upp voru öll teymi uppsett og viðbrögð mótuð. Klukkan 10:00 að morgni voru öllum starfsmönnum Árborgar og bæjarfulltrúum sendar nauðsynlegar upplýsingar um það hvernig við ætluðum í sameiningu að takast á við neyðarástandið í landinu og frekari aðgerðir almannavarna og ríkisins. Í skeytinu fylgdi viðbragðsáætlun Árborgar og þau markmið sem sveitarfélagið hlýtur að setja sér í slíku neyðarástandi. Markmiðsskjalið er einnig lagt fram á þessum bæjarstjórnarfundi til umræðu. Það stóð svo heima að klukkan 11:00 sama dag tilkynnti heilbrigðisráðherra um samkomubann og takmarkanir á skólahaldi sem taka ætti gildi strax tveimur dögum síðar. Um leið og blaðamannafundurinn var búinn fóru viðbragðsteymi vinnustaða, sem nú telja alls um 120 manns, að reyna að átta sig á stöðunni og undirbúa sig í samræmi við markmið og viðbragðsáætlun. Fram undir kvöld voru að berast tillögur og hugmyndir um viðbrögð sem aldrei hefði verið mögulegt að vinna ofan frá.

Framkvæmd samkomubannsins og takmarkana vegna þess reyndist gríðarlega flókið verkefni og það er rík ástæða til að þakka öllu því starfsfólki sem tók til hendinni strax að loknum fréttamannafundi heilbrigðisráðherra og hóf að leita lausna. Fólk lagði hart að sér og sýndi frumkvæði og sköpunargleði við úrlausn mála. Án þessara öflugu teyma hefðu viðbrögð orðið erfið. Mikil vinna fór fram, ekki bara á föstudeginum heldur einnig yfir helgina, við að leiða þessa hluti til lykta. Samband íslenskra sveitarfélaga veitti einnig ómetanlega aðstoð við að greiða úr þessum málum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Viðbragðsstjórn rýndi og lagði mat á tillögur og viðbrögð vinnustaða og samþykkti útfærslur. Framkvæmdin er hinsvegar enn í þróun og viðbrögð að mótast eftir því sem reynsla fæst. Í morgun kom t.d. 6. útgáfa almannavarna á forgangslista vegna þeirra sem starfa í almannabágu og þurfa að njóta þjónustu leikskóla. Viðbragðsstjórn ásamt viðbragðsteymum vinnustaða mun áfram verða á tánum við að aðlaga viðbrögð og þjónustu að síbreytilegum aðstæðum.

Meginmarkmið með öllum aðgerðum er lágmarka skerðingu á rekstri sveitarfélagsins – að tryggja öryggi íbúa og starfsfólks og veita eins mikla þjónustu og mögulegt er í ljósi aðstæðna og fyrirmæla yfirvalda.

Búið er að stilla upp upplýsingasíðum Árborgar undir gulum borða á heimasíðu Árborgar. Hún skiptist í þrjá meginkafla: Upplýsingar landlæknis fyrir almenning, upplýsingar fyrir vinnustaði Árborgar og upplýsingar til íbúa Árborgar um breytta þjónustu. Fjölmiðlar staðarins hafa einnig lýst sig reiðubúna til að aðstoða við upplýsingagjöf.

Í síðustu viku var megináherslan lögð að virkja fólkið á gólfinu og leita ráða hjá því. Úrlausnarefni geta verið gríðarlega flókin og allt gerist mjög hratt. Allir þurfa að fylgjast vel með og stundum er lítill tími til að bregðast við.

Sá tími kann að vera handan við hornið að taka þurfi stórar ákvarðanir þar sem nauðsynlegt er að kalla saman bæjarráð eða bæjarstjórn án fyrirvara og jafnvel með stafrænum hætti, t.d. í fjarfundi. Alþingi hefur nú samþykkt frumvarp sem gerir ráðherra kleift að heimila slíkar leiðir og auðvelda þannig aðkomu bæjarstjórnar að veigamikilli ákvarðanatöku.

Það er hinsvegar miklvægt að fá formlega samþykktu viðbragðsáætlun Árborgar við alvarlegum faraldri og helstu markmið sveitarfélagsins í þessum krefjandi aðstæðum, með þeim breytingum sem bæjarstjórn kann að telja nauðsynlegar í meðferð málanna.

Gísli H. Halldórsson,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar